

Ár 2018, föstudaginn 8. júní, kom nefnd, skipuð af sýslumanninum á Vestfjörðum, með vísan til 2. mgr. 93. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna, saman til fundar að Skipholti 50d, Reykjavík, en nefndin var skipuð með skipunarbréfi sýslumannsins á Vestfjörðum, dags. 3. júní 2018, til þess að úrskurða um kæru Sighvats Lárussonar, [REDACTED] vegna sveitarstjórnarkosninga í Árneshreppi 26. maí s.l.

Nefndina skipa þau Ingi Tryggvason, lögmaður, Björn Jóhannesson, lögmaður og Hulda Rós Rúriksdóttir, lögmaður.

Var í málinu kveðinn upp svofelldur

## ú r s k u r ð u r:

### I.


Með bréfi til sýslumannsins á Vestfjörðum, dags. 1. júní 2018, kærði Sighvatur Lárusson, [REDACTED] niðurstöður sveitarstjórnarkosninganna í Árneshreppi, sem fram fóru laugardaginn 26. maí 2018. Kæran var móttækin af sýslumanninum á Vestfjörðum þann 1. júní 2018. Í samræmi við 2. mgr. 93. gr. laga nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna, skipaði sýslumaðurinn á Vestfjörðum þann 3. júní 2018 þriggja manna nefnd til að úrskurða um kæruefnið. Í nefndina voru skipuð Ingi Tryggvason, lögmaður, Björn Jóhannesson, lögmaður og Hulda Rós Rúriksdóttir, lögmaður.

Með bréfi kjörnefndar, dags. 4. júní s.l., til kjörstjórnar Árneshrepps gerði kjörnefnd kjörstjórninni grein fyrir framkominni kæru og óskaði eftir umsögn hennar um kærana, sbr. 2. mgr. 93. gr. laga nr. 5/1998. Með bréfinu fylgdu afrit allra gagna málsins, þ.e. kærana og fylgigögn hennar. Umsögn kjörstjórnar Árneshrepps, dags. 5. júní s.l., barst kjörnefnd 6. júní 2018. Þann 6. júní s.l. bárust kjörnefndinni einnig viðbótargögn frá kæranda vegna kærunnar. Þau gögn voru send kjörstjórn Árneshrepps sama dag.

### II.

Í greinargerð með kæru vísar kærandi til þess að samkvæmt 5. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna samanstandi kjörskrá í sveitarstjórnarkosningum af þeim sem skráðir séu með lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi samkvæmt íbúaskrá Þjóðskrár Íslands þremur vikum fyrir kjördag. Í sveitarstjórnarkosningunum þann 26. maí s.l. hafi kjörskráin því miðast við íbúaskrá þann 5. maí s.l. Kærandi vísar til þess að á tímabilinu 24. apríl s.l. til 4. maí s.l. hafi 18 einstaklingar skráð lögheimili sitt í Árneshreppi en Þjóðskrár Íslands hafi síðar hafnað 15 af fyrrgreindum 18 flutningstilkynningum. Nokkrir einstaklingar hafi hins vegar skráð lögheimili sitt í Árneshreppi fyrir 1. desember 2017 en engin sérstök athugun hafi hins vegar farið fram af hálfu Þjóðskrár Íslands á þeim flutningstilkynningum.

Kærandi bendir á að töluverður hópur fólks sem eigi lögheimili í Árneshreppi eigi þar fasteignir eða aðrar eignir eða hefur þar tekjur af starfsemi hluta úr ári. Þessir

  
1



einstaklingar búi hins vegar einungis í fáar vikur eða mánuði í hreppnum en hafi annars staðar fasta búsetu í skilningi laga nr. 21/1990 um lögheimili.

Að þeim gögnum er fylgdu kærinni má ráða að kærandi hafi skráð lögheimili sitt [REDACTED] í Árneshreppi, en Þjóðskrá Íslands hafi í maí s.l. ákveðið að fella niður þá skráningu með vísan til þess að ekki yrði séð að kærandi hefði fasta búsetu í sveitarfélaginu í skilningi laga nr. 21/1990 um lögheimili.

Kærandi telur að fyrrgreind ákvörðun Þjóðskrár Íslands um að fella niður lögheimilis-skráningu hans [REDACTED] Árneshreppi hafi falið í sér grófa mismunun og brot á jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar þar sem ljóst sé að stofnunin láti það átölulaust að aðrir skrái lögheimili sitt í sveitarfélaginu án þess að hafa þar fasta búsetu meðan öðrum, þar á meðal kæranda, sé hafnað á þeim grundvelli. Bendir kærandi í þessu sambandi á að einungis sumir þeirra sem séu skrásettir íbúar Árneshrepps hafi þar fasta búsetu í skilningi laga nr. 21/1990 um lögheimili.

Þá vísar kærandi til þess að fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 26. maí s.l. hafi 46 einstaklingar verið með viðurkennt lögheimili í Árneshreppi. Telur kærandi að einungis 24 þeirra hafi raunverulega verið búsettir í sveitarfélaginu og haft þar vetursetu á liðnum vetri en auk þess hafi tveir einstaklingar til viðbótar verið með raunverulega búsetu í sveitarfélaginu án þess að vera þar með lögheimili. Þannig hafi samtals 19 einstaklingar verið skráðir með lögheimili í sveitarfélaginu þrátt fyrir að vera með fasta búsetu utan sveitarfélagsins. Kærandi telur augljóst að fyrrgreindir 19 einstaklingar hafi haft mikil áhrif á niðurstöður sveitarstjórnarkosninganna í sveitarfélaginu 26. maí s.l. en kjörsókn í kosningunum í sveitarfélaginu hafi verið 93,4%. Bendir kærandi á að ein meginástæðan fyrir aðgerðum Þjóðskrár Íslands hafi einmitt verið sú að koma í veg fyrir að fólk sem ekki hefði fasta búsetu í sveitarfélaginu hefði áhrif á niðurstöður kosninganna en Þjóðskrár Íslands hafi einungis samþykkt lögheimilisflutning þriggja af þeim átján sem fluttu lögheimili sitt í sveitarfélagið á tímabilinu 24. apríl til 4. maí s.l.

Kærandi kveðst sem borgari eiga erfitt með að horfa á fyrrgreinda mismunun af hálfu Þjóðskrár Íslands. Þjóðskrár Íslands hafi verið bent á það bréflaga fyrir kosningarnar að aðrir í hreppnum væru raunverulega með málamyndaskráningu samkvæmt skilgreiningu stofnunarinnar. Telur kærandi að ef túlkun Þjóðskrár Íslands á lögum eigi við um lögheimilisskráningu kæranda og annarra sem þurfta að sæta niðurfellingu á lögheimilisskráningu þá eigi það sama líka við um aðra. Þjóðskrár Íslands hafi hins vegar ekkert aðhafst í tilvikum annarra sem eins hafi verið ástatt um. Í sveitarfélaginu séu einungis um 24 einstaklingar með fasta búsetu en aðrir sem skráðir séu með lögheimili í sveitarfélaginu séu með fasta búsetu annars staðar og falli því á sama hátt undir ákvæði laga nr. 21/1990 um lögheimili sem Þjóðskrár Íslands hafi vísað til í tilviki kæranda.

Með vísan til framangreindra röksemda telur kærandi að ógilda beri sveitarstjórnarkosningarnar í Árneshreppi með vísan til ákvæða 93. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna.





### III.


Í umsögn kjörstjórnar Árneshrepps kemur fram að misræmi hafi verið í þeim þremur eintökum af kjörskrá sem kjörstjórnin fékk frá sveitarstjórn vegna sveitarstjórnarkosninganna 26. maí s.l. Í tveimur eintökum hafi verið búið að strika yfir nöfn 17 einstaklinga en í einu eintaki hafi verið strikað yfir nöfn 16 einstaklinga. Ekki hafi reynst unnt að staðreyna hvort útstrikanir í kjörskránum hafi verið í samræmi við afgreiðslu sveitarstjórnar á kjörskránni.

Þá kemur fram í umsögninni að allir þeir sem greiddu atkvæði á kjörfundi hafi verið á kjörskrá. Nokkur fjöldi utankjörfundaratkvæða hafi borist kjörstjórn og hafi þau í lok kjörfundar verið borin saman við kjörskrána og atkvæði frá þeim einstaklingum sem ekki hafi verið á kjörskránni verið tekin til hliðar og ekkert frekar aðhafst með þau. Utankjörfundaratkvæði þeirra sem voru á kjörskránni hafi hins vegar verið tekin til áframhaldandi meðferðar. Við þá meðferð hafi komið í ljós tvö undankjörfundaratkvæði frá sama einstaklingnum. Gild utankjörfundaratkvæði hafi síðan verið sett í kjörkassann og komið til talningar á sama hátt og greitt atkvæði á kjörfundi.

### IV.

Af framlögðum gögnum málsins má ráða að kærandi sé ekki skráður með lögheimili í Árneshreppi og hafi ekki verið með skráð lögheimili í sveitarfélaginu þegar sveitarstjórnarkosningarnar fóru fram 26. maí s.l. Kærandi var því ekki á kjörskrá í sveitarfélaginu við kosningarnar. Hins vegar gefa gögnin til kynna að kærandi hafi skráð lögheimili sitt í sveitarfélaginu með tilkynningu til Þjóðskrár Íslands um lögheimilisflutning að Dröngum í Árneshreppi þann 4. maí 2018. Þjóðskrár Íslands ákvað að fengnum andmælum kæranda að fella niður fyrrgreinda lögheimilisskráningu hans þann 24. maí s.l. Á fundi hreppsnefndar Árneshrepps þann 24. maí s.l. var nafn kæranda felld út af kjörskrá sveitarfélagsins við sveitarstjórnarkosningar þann 26. maí s.l. Sú ákvörðun mun hafa verið tekin með hliðsjón af áðurnefndri ákvörðun Þjóðskrár Íslands um að fella niður fyrrgreindan lögheimilisflutning kæranda.

Í XIV. kafla laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna er fjallað um kosningakærur. Þar er ekki að finna sérstakt ákvæði um það hverjir geti átt aðild að slíkum kærur, s.s. hvort sá sem vill kæra sveitarstjórnarkosningar þurfi að eiga lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi. Með hliðsjón af ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 verður að ætla að sá sem vill kæra kosningu á grundvelli 93. gr. laga nr. 5/1998 verði að hafa lögvarða hagsmuni af slíkri kærur. Þegar það er haft í huga að kærandi var á upphaflegum kjörskrárstofni sem Þjóðskrár Íslands lét sveitarstjórn Árneshrepps í té á grundvelli 4. gr. laga nr. 5/1998 verður að telja að kærandi hafi lögvarða hagsmuni af því að kæra kosningarnar og þá með vísan til þess hvort sveitarstjórn hafi gætt lögmætra skilyrða við afgreiðslu kjörskrár samkvæmt ákvæðum 5. - 11. gr. laga nr. 5/1998. Þó svo að framsetning og orðalag kærunnar gefi til kynna að kærán snúi einvörðungu að því hvort nokkur fjöldi einstaklinga með skráð lögheimili í sveitarfélaginu hafi með réttu átt að vera á kjörskránni, má einnig skilja afstöðu kæranda á þann veg að athugasemdir hans

  
3




snúi jafnframt að þeirri ákvörðun sveitarstjórnar að fellur nafn hans út af kjörskánni á grundvelli þeirrar ákvörðunar Þjóðskrár Íslands um að fella úr gildi lögheimilisflutnings hans í sveitarfélagið. Með hliðsjón af framansögðu og eins og málum er hér háttað að öðru leyti er að mati nefndarinnar ekki tilefni til að vísa kærinni frá sökum aðildarskorts.

Af kæru málsins og þeirri greinargerð sem henni fylgdi má ráða að kærandi byggi kröfu sína um ógildingu sveitarstjórnarkosninganna í Árneshreppi 26. maí s.l. fyrst og fremst á því að Þjóðskrá Íslands hafi með þeim ákvörðunum sínum að fella úr gildi tilgreinda lögheimilisflutninga brotið gegn jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar. Vísar kærandi í því sambandi til þess að hann hafi ásamt fleirum þurft að sæta því að lögheimilisflutningur hans í sveitarfélagið hafi verið felldur úr gildi af Þjóðskrá Íslands þar sem stofnunin hafi talið að hann hefði ekki fasta búsetu í sveitarfélaginu í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 21/1990 um lögheimili. Í kjölfar fyrrgreindrar ákvörðunar Þjóðskrár Íslands hafi sveitarstjórn Árneshrepps ákveðið að strika nafn hans út af kjörskánni. Telur kærandi að nákvæmlega sömu sjónarmið og röksemdir eigi einnig við um 19 aðra einstaklinga sem skráðir séu með lögheimili í sveitarfélaginu. Þjóðskrá Íslands hafi hins vegar ekkert aðhafst varðandi lögheimili þeirra þó full ástæða hafi verið til þess með hliðsjón af fyrri ákvörðunum Þjóðskrár Íslands. Þjóðskrá Íslands hafi einungis tekið til skoðunar þá lögheimilisflutninga í sveitarfélagið sem áttu sér stað á tímabilinu 24. apríl s.l. til 4. maí s.l.

Ákvarðanir Þjóðskrár Íslands á grundvelli laga nr. 21/1990 um lögheimili eru ekki til endurskoðunar af hálfu kjörnefndar sem skipuð er með vísan til 93. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna. Slíkar ákvarðanir eru hins vegar kærnanlegar til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins á grundvelli 26. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Þá er þess einnig að geta að leiki vafi um lögheimili manns getur Þjóðskrár Íslands, hlutaðeigandi einstaklingur eða sveitarfélag sem málið varðar, höfðað mál til viðurkenningar á hvar lögheimili hans skuli talið sbr. 11. gr. laga nr. 21/1990.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna gerir sveitarstjórn kjörskrá á grundvelli kjörskrárstofns sem Þjóðskrár Íslands lætur viðkomandi sveitarstjórn í té. Á kjörskrá skal taka þá sem uppfylla skilyrði 2. gr. laga nr. 5/1998 og skráðir voru með lögheimili í sveitarfélaginu samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag. Þegar kjörskrá hefur verið samin skal hún staðfest á fundi sveitarstjórnar og undirrituð af oddvita sveitarstjórnar eða framkvæmdastjóra hennar, sbr. 7. gr. laga nr. 5/1998. Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. sömu laga skal sveitarstjórn þegar taka til meðferðar athugasemdir er henni berast vegna kjörskrár og gera viðeigandi leiðréttingar á henni. Slíka leiðréttingu má gera fram á kjördag. Í samræmi við fyrrgreint ákvæði 1. mgr. 10. gr. laga nr. 5/1998 tók sveitarstjórn Árneshrepps ákvörðun um það á fundi sínum 24. maí s.l. að gera leiðréttingu á kjörskrá sveitarfélagsins. Við þá leiðréttingu var kærandi felldur út af kjörskránni og af gögnum málsins má ráða að sú leiðrétting var gerð með vísan til þess að Þjóðskrár Íslands hafði skömmu áður fellt úr gildi lögheimilisskráningu kæranda í sveitarfélaginu þar sem talið var að hann uppfyllti



4




ekki skilyrði um fasta búsetu í sveitarfélaginu samkvæmt skilgreiningu 1. mgr. 1. gr. laga nr. 20/1991 um lögheimili. Ákvörðun sveitarstjórnar um fyrrgreindra leiðréttingu sætir ekki endurskoðun af hálfu kjörnefndar en því til viðbótar verður ekki séð að kærandi byggi kæru sína á því að fyrrgreind ákvörðun hafi verið röng eða hún tekin með ólögætum hætti, heldur er á því byggt að það sama eigi að gilda um aðra sem eins hafi verið ástatt um ef fylgja eigi túlkun Þjóðskrá Íslands og jafnræðis gætt varðandi lögheimilisskráningu.

Eins og áður hefur verið gerð grein fyrir byggir kærandi kæru sína aðallega á því að Þjóðskrá Íslands hafi borið að skoða og eftir atvikum að fella niður lögheimilisskráningu 17 annarra einstaklinga í sveitarfélaginu þar sem þeir uppfylla ekki skilyrði 1. mgr. 1. gr. laga nr. 20/1991, um fasta búsetu í sveitarfélaginu. Telur kærandi að ef Þjóðskrá Íslands hefði gætt jafnræðis og fellt niður lögheimilisskráningu þessarar einstaklinga hefði það m.a. haft þær afleiðingar að sveitarstjórn hefði í kjölfarið borið að fella þá hina sömu út af kjörskránni. Telja verður að meðan viðkomandi einstaklingar eru skráðir með lögheimili í sveitarfélaginu hafi sveitarstjórn Árneshrepps beinlínis verið skylt samkv. 5. gr. laga nr. 5/1998 að taka þá inn á kjörskrána enda uppfylli þeir skilyrði 2. gr. sömu laga. Þær breytingar einar verða gerðar á kjörskránni sem rúmast innan ákvæða 10. gr. laga nr. 5/1998. Því til viðbótar skal á það bent að talið hefur verið að misbrestur sem kann að vera á framkvæmd stjórnvalds á tiltekinni réttarreglu gagnvart einstökum aðilum leiðir ekki til þess að aðrir aðilar geti almennt krafist þess í skjóli jafnræðisreglu að stjórnvald haldi sig við slíka framkvæmd eða veiti þeim rýmri rétt en réttarreglur kveða á um.


Með vísan til alls þess sem að framan er rakið er kröfu kæranda um ógildingu á sveitarstjórnarkosningunum í Árneshreppi sem fram fóru laugardaginn 26. maí 2018, hafnað.

#### Úrskurðarorð:


Kröfu kæranda, Sighvats Lárussonar, um ógildingu sveitarstjórnarkosninganna í Árneshreppi, sem fram fóru laugardaginn 26. maí 2018, er hafnað.



Ingi Tryggvason



Björn Jóhannesson



Hulda Rós Rúriksdóttir